

Eineltisáætlun Waldorfskólans Lækjarbotnum

Skilgreining á einelti

- einelti er endurtekið ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, þar sem einn eða fleiri níðast á einstaklingi sem á erfitt með að verjast,
- einelti felur í sér misbeitingu á valdi með þeim afleiðingum að þolanda líður illa og finnur til varnarleysis,
- einelti fer oft fram þar sem enginn sér. Sá sem lagður er í einelti vill oft ekki segja frá því sem gerist svo hann hljóti ekki verra af.

Munurinn á einelti og samskiptavanda

Einelti felur í sér meiðandi, neikvæðar athafnir sem sami einstaklingur verður endurtekið fyrir. Gerendur eru einn eða fleiri. Eineltið getur verið í formi líkamlegs ofbeldis og munnlegra athugasemda. Einelti getur einnig verið með óbeinum hætti, svo sem útilokun, höfnun og baktal sem erfitt getur reynst að koma auga á, neteinelti er þar á meðal. Þegar kemur að einelti þá er endurtekningin það sem skiptir mestu máli og á stærstan þátt í alvarlegum afleiðingum eineltis. Valdabarátta og valdaójafnvægi eru einnig mikilvægir þættir, því oft leggja gerendur í einelti til að öðlast vald eða viðhalda því. Að sama skapi eru þolendur valdminni sem gerir þeim erfiðara fyrir að verja sig. Með hverri endurtekningu eykst valdaójafnvægið.

Samskiptavandi er aftur á móti þegar börn lenda í árekstrum og útistöðum við önnur börn. Slíkt er gerist daglega í skólum landsins og er alla jafna tekið á því og málin leyst. Yfirleitt er ekki um valdaójafnvægi að ræða heldur tvo jafningja sem deila, en það er þó ekki einhlítt. Samskiptavandi getur verið alvarlegri og náð yfir lengri tíma.

Í sumum tilfellum segja gerendur, foreldrar þeirra, kennarar og starfsfólk skóla að þolandinn hafi svarað fyrir sig og þar með sé um samskiptavanda að ræða en ekki einelti. Stundum er þetta rétt og það sem foreldrar héldu að væri einelti er í raun samskiptavandi. Í öðrum tilfellum er barn sem verður fyrir síendurteknum árásum að reyna að verja sig og þegar betur er að gáð eru atvikin gegn barninu mörgum sinnum fleiri en atvikin þegar barnið svarar fyrir sig. Þá eru þolendur oft á tíðum með veika félagslega stöðu samanborið við gerendur.

Stríðni, átök og einstakur ágreiningur milli jafningja telst ekki til eineltis.

Ofbeldi er vísitandi meiðandi hegðun þar sem einstaklingur eða hópur beitir valdi til að meiða eða niðurlægja aðra. Einstakt ofbeldisatvik getur verið merki um að sá sem fyrir ofbeldinu verður hafi verið lagður í einelti.

Forvarnir gegn einelti

Til þess að fyrirbyggja einelti þarf samstillt átak og ábyrgð nemenda, forráðamanna og starfsmanna skólans. Miðlun góðra lífsgilda, regluleg fræðsla og umræður um eineltismál og afleiðingar þeirra eru nauðsynlegar. Allir þurfa að deila ábyrgð, sýna virðingu og láta sig líðan annarra varða.

Samvinna heimilis og skóla

Góð samvinna við heimili er forsenda fyrir því að leysa þau eineltismál sem upp kunna að koma. Þó ber að hafa í huga að einelti er oft á tíðum vel falið og langur tími getur liðið frá því að eineltið hefst þar til fullorðnir fá að vita af því. Mikilvægt er að forráðamenn viti hvernig skólinn tekur á eineltismálum þannig að þeir geti með öryggi látið vita af grun um einelti og treyst því að unnið sé með málið á viðeigandi hátt.

Helstu forvarnir

- skólinn setur sér ákveðin viðmið (t.d. skólareglur og samskiptareglur) í samskiptum sem miða að því að allir starfsmenn skólans, nemendur og forráðamenn geti unnið eftir sömu gildum sem stuðla að jákvæðum samskiptum og góðum skólabrag,
- nemendur þjálfast í að vinna í hópum og sýni tillitssemi, virðingu, ábyrgð, sveigjanleika og umburðarlyndi. Efli sjálfstraust og samkennd sem stuðlar markvisst að frekari þátttöku í lýðræðislegu samstarfi,
- umsjónarkennari vinnur með nemendum þar sem bekkurinn setur bekkjarreglur. Haldnir eru reglulegir bekkjarfundir þar sem líðan, samskipti og hegðun er rædd,
- umsjónarkennari fer reglulega yfir eineltisáætlun skólans sem og skóla- og samskipta-reglur með sínum bekk,
- fagkennarar og aðrir starfsmenn noti þau tækifæri sem gefast til að ræða og þjálfa mikilvægi góðra samskipta,
- stuðla markvisst að samvinnu heimilis og skóla,
- eineltisáætlun skólans er kynnt í upphafi hvers skólaárs á starfsmannafundi þar sem hún er endurskoðuð og þau viðmið sem skólinn setur sér í samskiptum eru samræmd. Sú samræming er liður í forvörnum gegn einelti og öðru ofbeldi. Mikilvægt er að bjóða starfs-mönnum reglulega upp á fræðslu um málaflokkinn,
- á hverju ári er eineltisáætlun skólans kynnt fyrir nemendum og forráðamönnum þeirra á haustfundum. Umsjónarkennari og bekkjarfulltrúar hvetja til þess að forráðamenn hafi í huga viðmið varðandi afmælisboð og aðrar samkomur,
- fræðsla um einelti fyrir forráðamenn s.s. í formi fyrirlestra og upplýsinga þar sem eineltis-áætlun skólans er vel kynnt og sýnileg foreldrum t.d. á heimasíðu skólans,

- virk gæsla í frímínútum, skólahúsi og vettvangsferðum á vegum skólans,
- eineltisteymi skólans hittist að hausti og gerir áætlun um forvarnir fyrir skólaárið.

Hlutverk umsjónarkennara í vinnu gegn einelti

- sjá til þess að bekkurinn seti sér reglur gegn einelti að hausti,
- halda bekkjarfundi vikulega. Viðfangsefni bekkjarfundar er að:
 - efla samstöðu og samkennd innan bekkjarins,
 - vinna gegn félagslegri einangrun nemenda,
 - auka ábyrgð nemenda á eigin hegðun.
- upplýsa foreldra um gang mála komi upp eineltismál,
- vinna með eineltisteymi ef eineltismál leysist ekki eftir 1. stig ferils.

Hlutverk eineltisteymis

- bregðast við tilkynningum um einelti samkvæmt vinnuferli þar um,
- vera umsjónarkennurum til stuðnings með vinnu gegn einelti í bekkjum,
- leggja fyrir árlega eineltiskönnun,
- kynna niðurstöður eineltiskönnunnar þegar þær berast fyrir starfsmönnum, nemendum og foreldrum,
- skipuleggja og stjórna nemendadegi gegn einelti sem er haldinn einu sinni á skólaári,
- útbúa og viðhalda hugmyndabanka með verkefnum sem styðja við vinnu gegn einelti.

Hlutverk foreldra

- hafa samband við umsjónarkennara ef grunur vaknar um einelti,
- vera vakandi yfir líðan, frammistöðu og félagslegri stöðu barna sinna,
- ræða opinskátt við barnið um einelti og hlusta á það ef það kvartar,
- hafa í huga að meðferð eineltismála getur tekið tíma og mikilvægt er að vinna með skólanum að farsælli lausn.

Ef einelti kemur upp

Ef grunur leikur á að um einelti sé að ræða þarf að tilkynna það rafrænt í gegnum <https://waldorfskolinn.is/tilkynna-grun-um-einelti/> Þegar tilkynning hefur borist er eineltis-

teymið kallað saman á fund. Á þeim fundi er gerð áætlun um athugun sem fram skal fara þar sem grunur um einelti er að ræða.

Ferill máls

1. stig - vinna umsjónarkennara

- ef aðrir en foreldrar þolandi tilkynna grun um einelti eru foreldrar þolanda látnir vita af tilkynningunni símleiðis,
- umsjónarkennari þolanda ræðir við þolanda. Tilgangur þessa samtals er að ræða líðan þolanda, hve lengi viðkomandi telur sig hafa verið lagðan í einelti og hverjir eigi í hlut. Ef nemandinn er í yngri deild er viðtalið tekið í samráði/með foreldrum. Foreldrar látnir vita af viðtölum símleiðis,
- umsjónarkennari geranda/gerenda, í samvinnu við teymið, ræðir við geranda eða gerendur, ef þolandi getur bent á ákveðna einstaklinga. Gerendum er gerð grein fyrir alvarleika þess að leggja í einelti og eru þeir hvattir til að láta tafarlaust af hegðun sem hefur framkallað vanlíðan hjá öðrum. Foreldrar látnir vita af viðtölum símleiðis.
- fundað er með foreldrum geranda/gerenda og foreldrum þolanda, í sitthvoru lagi og í sameiningu ef þörf þykir,
- ef ekki er hægt að benda á ákveðna einstaklinga er hugsanlegt að ræða við alla í bekknum í þeim tilgangi að kanna hvort fleirum líður illa eða finnist þeir verða fyrir einelti og hvort þeir hafa orðið varir við einelti. Þetta gerir umsjónarkennari í samstarfi við eineltisteymi,
- samhliða er reynt að efla starf gegn einelti í bekknum á bekkjarfundum. Sú vinna er í höndum umsjónarkennara,
- umsjónarkennari tilkynnir öllu starfsfólki sem koma að nemendum sem eiga í hlut,
- umsjónarkennari upplýsir eineltisteymi um gang mála og tekin er ákvörðun um áframhaldandi vinnu.

2. stig - vinna eineltisteymis í samstarfi við umsjónarkennara

- ef aðgerðir á 1. stigi duga ekki tekur eineltisteymi við málinu frá umsjónarkennara,
- frekari samtöl við þolendur, gerendur og foreldra þeirra sem eiga í hlut. Leiðirnar sem farnar eru fara eftir eðli hvers máls fyrir sig,
- fara vel yfir með þolanda hvað teymið hyggst gera og fullvissa hann um að eineltið verði stöðvað,
- geranda/gerendum gert ljóst að einelti er ekki liðið í skólanum og skólinn á að vera öruggur staður þar sem öllum líður vel,
- ef vandaðar athuganir benda ekki til eineltis er málinu lokið,

- ef eineltisteymi hefur ítrekað unnið í máli án ásættanlegs árangurs taka aðgerðir á 3. stigi við.

3. stig

Ef aðgerðir á 2. stigi skila ekki árangri er óskað eftir aðkomu skólaþjónustu leik- og grunnskóla á menntasviði Kópavogsbæjar eða leitað til sérstaks fagráðs eineltismála sem starfar á ábyrgð Menntastofnunar, sjá www.gegneinelti.is.

Í öllu ferlinu er mikilvægt að halda saman upplýsingum um atburðarrás, dagsetningar og samskipti eins nákvæmlega og mögulegt er.

Vinna með þolanda og forráðamönnum

- mikilvægt er að tryggja sem best öryggi þolandans og gera honum grein fyrir því að hann fái fullan stuðning frá skólanum,
- ef einelti kemst upp er reynt að halda fund með foreldrum geranda og þolanda svo þeir séu upplýstir um málið og geti tekið þátt í úrvinnslu þess,
- umsjónarkennari eða fulltrúi úr eineltisteymi ræðir við þolanda í einrúmi til að fá sem gleggstar upplýsingar um stöðu mála,
- þolanda er gerð grein fyrir í hverju vinna gegn eineltinu sé fólgin og við hverju hann megi búast,
- umsjónarkennari boðar forráðamenn þolanda á fund,
- þolandi þarf að geta treyst því að í vinnu með eineltið verði hann ekki borinn fyrir upplýsingum,
- í öllum samskiptum við þolanda og forráðamenn og í allri vinnu gegn einelti verður að vera ljóst að í skólanum er einelti ekki liðið og að þar muni starfsfólk gera allt sem það getur til að uppræta það.

Vinna með gerendum og forráðamönnum

- líkt og með þolanda þá er unnið eftir skilgreindu ferli með geranda þegar einelti kemur upp,
- ef einelti kemst upp er reynt að halda fund með foreldrum geranda og þolanda svo þeir séu upplýstir um málið og geti tekið þátt í úrvinnslu þess,
- umsjónarkennari eða fulltrúi úr eineltisteyminu ræðir við geranda/gerendur í einrúmi þar sem gerandi/gerendur eru hvattir til þess að láta af athæfi sínu,
- geranda er gefið skýrt til kynna að einelti sé ekki liðið og að af því verði að láta þegar í stað,
- umsjónarkennari boðar forráðamenn geranda á fund,

- geranda og forráðamönnum er kynnt það ferli sem unnið verður eftir í framhaldinu,
- gerandi fær tækifæri til að koma sjálfur með lausnir á málinu en annars er hjálpað til að koma með lausnir á vandamálunum. Ferlið sem grípa þarf til ef ekki lætur af einelti er háð því hvar eineltið á sér stað og er það sama og gripið er til þegar nemendur eru með ólæti í skólanum,
- eineltið á sér stað úti í frímínútum:
 - geranda er gert að fylgja gæslumanni í frímínútum,
 - gerandi er í einvist, þ.e. látinn vera inni í frímínútum en fari jafnvel út þegar aðrir koma inn.
- eineltið á sér stað í tímum:
 - gerandi tekinn út úr tíma og látinn vinna verkefni sín utan bekkjar.
- eineltið á sér stað á leið í og úr skóla:
 - forráðamenn verða að fylgja barni í og úr skóla. Starfsmaður fylgir viðkomandi í rútunni.
- eineltið á sér stað í búningsherbergjum:
 - gerandi verður að vera einn í búningssklefa, annaðhvort á undan eða eftir bekkjarfélögunum.
- beri ofangreindar aðgerðir ekki árangur er málum vísað til skólasálfræðings, heilsugæslu eða félagsmálastjóra,
- hægt er að boða forráðamenn þolanda og geranda saman á fund sé óskað eftir slíku og ef fjölskyldurnar hafa lýst yfir eindregnum vilja til að koma í veg fyrir að eineltið haldi áfram.

Eftirfylgni

- eineltisteymi kemur saman á fund ásamt viðkomandi umsjónarkennara þar sem árangur er skoðaður. Metið er hvort markmið hafi náðst og ákvarðanir teknar um framhaldið,
- þolandi fær stuðningsviðtöl þar sem viðkomandi fær tækifæri til þess að efla og endurbyggja sjálfsmynd með markvissum hætti,
- mikilvægt er að þolandi sé hvattur til þess að láta vita af öllum nýjum tilraunum til eineltis,
- gerandi fær stuðningsviðtöl þar sem honum er gert kleift að vinna með eigin hegðun og framkomu. Takist sú vinna ekki með einföldum aðgerðum þarf oft að vísa málinu til utanaðkomandi sérfræðinga,
- hafi árangur ekki náðst tekur eineltisteymi ákvörðun um aðrar aðgerðir.